

## Tillaga Garðabæjarlistans um málstefnu Garðabæjar

Bæjarstjórn samþykkir að ráðist verði í gerð málstefnu fyrir sveitarfélagið í samstarfi við Íslenska málnefnd, sbr. 130. gr. sveitarstjórnarlaga.

### Greinargerð

Mikilvægt er að upplýsingar sem koma frá Garðabæ séu skýrar, aðgengilegar sem flestum og settar fram á vönduðu máli.

Í sveitarstjórnarlögum er sérstök grein um málstefnu, sem heyrir undir „aðrar skyldur sveitarfélaga“. Þar er kveðið á um að sveitarstjórn móti málstefnu fyrir sveitarfélagið í samráði við Íslenska málnefnd og eftir atvikum málnefnd um íslenskt táknmál. Nánar er sagt til um ætlað innihald málstefnu, m.a. að öll gögn liggi fyrir á íslensku svo sem kostur er og að gert sé grein fyrir því hvenær víkja má frá þeirri reglu. Einnig eigi að ákveða hvaða gögn skuli samhliða liggja fyrir á erlendum málum og þá á hvaða tungumálum. Þá á í stefnunni að koma fram réttur íbúa af erlendum uppruna til samskipta við stofnanir sveitarfélagsins á öðrum málum en íslensku.

Gerð málstefnu Garðabæjar er til þess fallin að senda skýr skilaboð um vægi og virðingu íslenskrar tungu, en málstefna er einnig nytsamlegt tæki sem auðveldar starfsfólki að taka ákvarðanir um framsetningu gagna af ýmsu tagi og tryggir samræmi og fyrirsjáanleika í aðgengi fólks að upplýsingum.